

**Nd.**

**567. Frumvarp til laga**

um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa.

Flm.: Gísli Sveinsson.

1. gr.

Kostnað við að reisa og endurbyggja kirkjuhús þjóðkirkjunnar greiðir ríkissjóður að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Allan annan stofnkostnað greiða hlutaðeigandi söfnuðir.

Eignir kirkjuhúsanna hvers um sig skiptast milli þessara aðila í sömu hlutföllum, þegar bygging þeirra er ráðin.

2. gr.

Auk þess, sem 1. gr. ákveður, ber söfnuðum að leggja til hentuga lóð undir kirkjuhús, er valin sé með ráði húsameistara ríkisins, en hann gerir teikningar af öllum kirkjuhúsum þjóðkirkjunnar, er reisa skal, og áætlun um byggingarkostnað, enda hlítir kirkjusmiðin umsjón hans og eftirliti í samvinnu við safnaðarstjórn.

3. gr.

Á ári hverju skal reisa kirkjuhús eða endurbyggja eldri kirkjur, þar sem þess gerist þörf. Þegar á fyrsta ári, eftir að lög þessi eru komin í gildi, lætur biskupinn yfir Íslandi fara fram undir umsjón húsameistara ríkisins rannsókn á því, hverjar kirkjur muni þurfa að byggja upp á næstu 5 árum, og að þeim liðnum skal aftur fara fram sams konar rannsókn til 5 ára og þannig áfram. En að þeirri rannsókn lokinni í hvert sinn gerir húsameistari í samráði við biskup áætlun um bygging þessara kirkjuhúsa, sbr. 2. gr., með tillögum um, hvenær og í hvaða röð húsin skuli reist á fyrrgreindu árabili, og sé byggt á vixl í landsfjórðungunum eftir þörf. Er ríkisstjórn því næst skylt að ætla til þess fé í fjárlögum að hluta ríkissjóðs og leggja fyrir Alþingi tillögu sína um það.

4. gr.

Kirkjuhús skulu gerð úr sem varanlegustu og eftir staðháltum hentugustu efni, og telst til byggingar þeirra allt, sem þarf til þess, að þau geti heitið vel nothæf og vönduð guðshús, enda leggi ríkið einnig til að sinum hluta áhöld og skróða, eins og tíðkast samkvæmt reglum þjóðkirkjunnar, hitunartæki og hljóðfæri.

5. gr.

Umsjón hinna reistu kirkjuhúsa og viðhald þeirra annast sóknarnefndir fyrir hönd safnaða með sama hætti og verið hefur, en kostnaður við það skal tekinn af sóknargjöldum (kirkjugjöldum). — Fyrir öllum sóknargjöldum, sem innheimt eru af sóknarnefnd samkvæmt lögum, gerir hún grein til biskups eða eins og lagaákvæði standa til, en í byrjun hvers almanaksárs og áður en gjaldið er ákveðið til fullnaðar, skal sóknarnefnd bera tillögu sína um, hve há kirkjugjöldin skuli vera á því gjaldári, undir kirkjumálaráðuneytið, og getur það hækkað þau eða lækkað innan takmarka þeirra, er viðeigandi lög setja, ef það telur þess fulla þörf.

Af kirkjugjöldum skal greiða kostnað við tíðagerðir.

6. gr.

Alla sérstaka þryði, er söfnuði þykir rétt að gera við kirkju, hvort sem er innan húss eða utan, annast söfnuðurinn sjálfur, án þess að greitt skuli af fjármunum kirkjunnar. Þar, sem kirkja stendur eigi í kirkjugarði, er söfnuði skylt að halda við á sinn kostnað og í góðu standi lóðinni kringum kirkjuhúsið, svo og vegi til kirkjunnar, þar sem hans er þörf, en stofnkostnað vegarins leggur ríkið til móts við söfnuð og girðingu kringum kirkjulóð, hvort tveggja að  $\frac{3}{4}$  hlutum.

Um bygging og viðhald kirkjugarða fer eftir lögum um það efni.

7. gr.

Ef meiri hluti einhvers safnaðar samþykkir á löglegan hátt að mynda frikirkjusöfnuð utan þjóðkirkjunnar og fær sér viðurkenndan forstöðumann (prest), skal þeim söfnuði gefinn kostur á að eignast kirkjuhús sóknarinnar með öllu tilheyrandi, gegn því að greiða út það af andvirði kirkjunnar og eigna hennar, metið af óvilhøllum dómkvöddum mönnum, sem nemur réttu hlutfalli við þá safnaðarlimi, er eftir standa í þjóðkirkjunni, en þeim skipar kirkjustjórnin síðan kirkjusókn eða sér þeim á annan hátt fyrir kirkju og presti.

8. gr.

Með gildistöku þessara laga eru úr gildi felld öll önnur lagaboð, er í bága kunna að koma við þau.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Kirkjuhús þau, sem eru í smiðum, þegar lög þessi koma til framkvæmda, falla að öllu leyti undir ákvæði þeirra, ef hlutaðeigandi sóknarnefnd æskir þess og samþykkt er um það gerð á lögmatum safnaðarfundi.

### Greinargerð.

Kirkjubyggingarmál vor Íslendinga hafa öldum saman, eða vist réttara frá fyrstu byrjun, er kristnihald hófst í þessu landi, á ýmsa lund verið í hinni mestu niðurlægingu og þannig í raun réttari ekki samboðin neinni kristinni þjóð, ef gera á hærri kröfur en í lágmarki. Og gildir þetta þó ekki síður, ef kirkjugarðarnir eru teknir með, sem víðast hvar á landinu hafa verið hrein eyðimörk, þótt líklega séu menn nú sums staðar ofurlítið farnir að rakna við úr því dauðans ræktarléysi, sem þar hefur ríkt. — Það er að visu kunnara en frá þurfi að segja, að umgengni og umhirðu á mörgu byggðu bóli á landi hér hefur oft og tíðum verið svo mjög ábótavant, að hinar ófögru lýsingar útlendra ferðalanga og ýkjusögur innlendra reyfaraskálda hafa því miður einatt haft nokkuð til sins máls, þótt ágætar og heiðarlegar undantekningar hafi þar ávallt verið og jafnvel sum héruð beri af öðrum, enda vaknandi áhugi á síðustu áratugum fyrir auknum þrifnaði, svo sem síðmenntuðum mönnum hæfir (sbr. þó nýlegar heilbrigðisskýrslur). En ömurlegastur er trassaskapurinn eða skrælingjabragurinn þó á þeim sviðum, er vita að hinum göfugustu málefnum mannkynsins, andlegu hliðinni, sem á hverjum tíma og með hverri þjóð birtist í þeirri mynd, sem þroski mannanna hefur náð til að móta. „Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá.“

Eins og kunnugt er, má segja, að hér á landi hafi verið um þrjá aðila að ræða, sem beinlínis hafa haft veg og vanda af kirkjuhúsum þessarar þjóðar: 1. Einstaklinga (sem hafa talizt eiga með kirkjurnar, en er nú að hverfa úr sögunni); 2. hið opinbera eða heildina (í einhverri mynd) og 3. söfnuðina, sem tekið hafa við kirkjunum til fullrar umönnunar. Ekki verður sagt, að neinn þessara umsjár- aðila hafi getað staðið undir skyldum sínum í þessu efni svo sem vera hefði átt, og er ýmsu þar til að dreifa, sem eigi er tími til að rekja hér. Sárafá kirkjuhús eru nú til í landinu frá nokkuð gamalli tíð, ef þá nokkur á að telja, því að sérlega gamlar eru þær elztu ekki, sem eru Hóladómkirkja (frá því um eða yfir 1760), Landakirkja í Vestmannaeyjum (1774—81, endurgerð 1838—43), Viðeyjarkirkja (1774—95) og Bessastaðakirkja (1777—1823); og dómkirkjan í Reykjavík er ekki eldri en frá 1847, eins og hún er nú, þótt nokkuð af húsinu sé talsvert eldra. Er þetta lítill aldur móts við slík hús með þjóðum annars staðar, og næsta misjafnt er ástand þessara kirkna (tæpast allar í messufæru standi, rétt á litið). Allar aðrar kirkjur í landinu eru frá ýmsum tímum síðustu aldar (allar byggðar eftir 1840), eða frá þessari öld, og eru meira og minna af vanefnum gerðar í flestu tilliti — sumar reyndar óhæfar —, þótt við mætti una eftir ástæðum um sinn, ef þeim væri nægur sómi sýndur, og á ég þar ekki sízt við timburkirkjurnar, sem auðveldara er að fást við; því að steinhúsin (sem reyndar eru miklu færri) hafa reynzt víða, eins og þau eru gerð, hin eymdarlegustu til íveru, nema nokkrar af hinum nýjustu kirkjubyggingum, þar sem tekið hefur að gera þær vistlegar eða notalegar, sem mikill hængur er á, eins og nóg samlega er kunnugt. Og fæst af þessum húsum eru það fögur eða vegleg, að menn geti með ánægju hugsað til þess, að þau stæðu um aldur, svo sem ætlazt mætti til um steinbyggingar. Öllum þessum ágöllum má telja, að valdi hér ferns konar skortur að minnsta kosti:

1. Skortur á listhæfni og þekkingu;
2. skortur á trúaráhuga fólksins;
3. skortur á vilja ráðamannanna, og
4. skortur á fjárhagsgetu hjá heildinni og einstökum hlutum þjóðarinnar.

Fyrir svo sem réttum 10 árum kom sá, er þetta ritar, fram með þá hugmynd, studda rökum, að í raun og sannleika bæri hinu opinbera, *rikinu eða þjóðfélagsheildinni*, að annast allar kirkjubyggingar á þessu landi, samkvæmt þeirri skipan, sem á þessum málum er hjá oss. Málið var talsvert rætt þá um sinn, bæði á mannfundum og annars staðar, og kjöri fundur presta og sóknarnefnda, haldinn í

Reykjavík haustið 1933, nefnd til frekari athugunar á málinu. Kom bráðabirgða-álit frá hluta hennar fyrir prestastefnu (synodus) næsta ár (1934), en lítið hefur málinu verið sinnt síðan, þar til hinn almenni kirkjufundur tók það til meðferðar á síðastl. ári og gerði um það ályktun einum rómi; var og þá flutt um það erindi í útvarpi. Þó hefur það *æ betur komið í ljós með hverju ári, sem liður, að kirkjubygggingarmál íslensku þjóðarinnar eru í því öngþveiti, sem eigi virðist útkomu auðið úr nema með algerlega breyttum aðstøðumöguleikum*. Er eigi þörf á að tilfæra hér sérstök dæmi, sem eru reyndar á hverju strái bæði í sveitum og bæjum við sjó. *Ef byggja á kirkjur vel og vandlega, sem gera verður kröfu til, eigi síður og jafnvel miklu fremur öðrum húsum, er og verður kostnaður af því ókleifur, nema fjár sé hægt að afla af öruggum tekjulindum*. Og aðeins tveir aðilar koma væntanlega í framtíðinni til greina, sem bera eiga þetta uppi: *Hinir einstöku söfnuðir landsins eða ríkisheildin, — eða hvort tveggja til samans*. Er þá fljótsagt, að söfnuðir hafa út af fyrir sig ekkert viðlit til tekjuöflunar í þessu skyni, er nokkru nemi, en ríkið sjálft, eins og kunnugt er, alla slíka möguleika í fyllsta mæli.

En hin fræðilega undirstaða, sem svo mætti nefna, undir *hreinum skyldum ríkisins* í þessu efni er einnig, ef rétt er að gáð, á styrkum stoðum reist, og er furðulegt sinnuleysi, að þeirri sjálfsögðu stefnu hefur eigi verið komið á framfæri fyrr, sem að vísu er einn vottur þess mikla tvískinnungs, er ríkt hefur frá öndverðu í ráða- og viðhaldsmálum hinnar lútersku kirkju, sem ríkið sló sér fyrir af eins konar „hernaðarnauðsyn“, en síðan hefur afrækt á hörmulegan hátt. Er nú til þess ætlanda, með vaxandi skilningi á þjóðfélagslegri nauðsyn trúar- og kirkjulífs, að ríkisvaldið standi betur að þessum málum í framtíðinni.

Í greinargerð fyrir málinu áður hefur það meðal annars verið tekið fram, að ýmislegt gott megi segja um það fyrirkomulag, að fólkið sjálft eigi að byggja sínar kirkjur, svo sem að söfnuðirnir séu nánasta sameiningin um kirkjurnar, þeirra eigi áhuginn að vera o. s. frv., en þetta á í raun rétttri við aðeins þar, sem söfnuðirnir hafa veg og vanda af *öllum* kirkjumálunum, — þar sem er *frikirkja*. En hér á landi ríkir, eins og allir vita, önnur tilhögun, sem allur þorri manna virðist ásáttur með: *Hér er þjóðkirkja*.

Samkvæmt stjórnarskránni, 62. gr., á ríkisvaldið að *styðja og vernda* þjóðkirkju landsins, sem er hin svo nefnda evangeliska-lúterska kirkja. Það er að skilja: Ríkið, ríkisheildin á að halda uppi kirkju og kennidómi alls landsins, nema stofnuð séu önnur kirkjuleg félög utan þjóðkirkjunnar og fá viðurkenning. Þetta hefur einnig að nokkru leyti verið talið sjálfgefið í orði og á borði, þar eð þjóðfélagið (konungur — ríkið) tók til sín eignir kirkjunnar eða kirknanna, tók þær undir sína umsjón og til sinnar notkunar við siðaskiptin og hefur haldið þeim síðan. Og *ríkið hefur kostað prestana, kennilýðinn*. Gilda um þetta að sjálfsögðu lagaákvæði, þótt þessi skylda hafi oft verið framkvæmd með minni rausn en vera bar.

En *kirkjurnar*? Hvi kostar ríkið ekki guðshús þjóðkirkjunnar, eins og kennimennina, byggir þau frá stofni, hvar sem er á landinu? Hvers vegna er ríkið að koma því af sér á söfnuðina, smáar og fátækar heildir, sem vegna þjóðkirkjufyrirkomulagsins eru valdalausir og oft áhugalitlir aðilar? — Að ríkisvaldið hefur tekið þennan sið upp, má frá þjóðkirkjusjónarmiði kalla öfugmæli, enda að því er virðist í beinni andstöðu við hinn eðlilegasta skilning á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þar, sem áþekk ákvæði hafa verið í stjórnlögum annarra þjóða, svo sem í Danmörku, hafa ríkisréttarfræðingar skýrt þau þannig, að ríkið ætti að veita kirkjunni (þjóðkirkjunni) *allan nauðsynlegan stuðning*, henni til upphalds, enda þótt framkvæmdin hafi ekki heldur þar verið fyllilega samkvæm því.

*Ríkið á að byggja kirkjurnar, ríkissjóður að kosta þær*, — það er hin eina rökrétta afleiðing þjóðkirkjuskipulagsins. Hvar, sem kirkju þarf að reisa eða gera upp, þar ætti að vera skylt, að ríkið kæmi til og léti gera húsið og gera það vel. — Hítt virðist aftur á móti réttmætt og heppilegt alls vegna, að söfnuðirnir annist

eftir sem áður hið venjulega og nauðsynlega viðhald, meira að segja undir eftirliti, og gangi til þess tekjur kirkjunnar o. s. frv.

Þetta, sem nú hefur verið rakið, er mergurinn málsins. Ef það ætti að komast í þetta horf, þurfa vitaskuld að verða alger straumhvörf á landi hér, og ný löggjöf um þetta að setjast (skyldur ríkisins til kirkjubygginga). Og enginn þyrfti að óttast, að slíkt mundi aftra því, heldur *einmitt greiða fyrir því*, gera það kleift, að áhugamenn í söfnuðunum kostuðu kapps um að prýða kirkjur sínar, afla til þeirra góðra gripa og legðu af mörkum til þessa og almennrar safnaðarstarfsemi bæði fé og vinnu.

Eins og vikið var að, má það undrun vekja, að þetta mál hefur ekki komizt á réttan rekspól áður, heldur hjakkað á þeirri braut að láta sem mest reka á reiðanum um kirkjubyggingar yfirleitt. Nú er og svo komið, að einstökum söfnuðum er og hefur reyndar ætíð verið um megn að reisa sér guðshús *með þeirri mynd, sem tilhlýðilegt er*, nema með stórum fjárframlögum einstakra manna eða félaga, sem engan veginn má reikna með, eða þá að söfnuðir hleypi sér í þungar skuldir; og að engri sérstakri lánsstofnun er hér að ganga, nema væri fjáreignir annarra kirkna (í hinum alm. kirkjusjóði) og eðlilega af skornum skammti, er hrekkur lítt til hins geysimikla kostnaðar, fyrir þá fáu, þótt minna muni ríkið eða heildina, ef bera ætti. Ef þessu heldur fram, og þar sem brestur áhugamenn með nokkurri getu í söfnuðum, *getur, þegar minnst vonum varir, allar kirkjubyggingar rekið i strand*. Hér er því áriðandi, að tekið sé í taumana í fullri alvöru og á skynsamlegan hátt, svo að þessu mikilvæga máli verði bjargað. Er það í átt til viðurkenningar þessa sjónarmiðs, að á síðkastið hefur af Alþingi verið farið inn á það að veita styrk til uppbyggingar (endurbbyggingar) einstakra kirkna úr ríkissjóði, sem er næsta at-  
hyglisvert, þegar um þetta mál er rætt.

Manni er nú spurn: Hverjar eru þær byggingar, er ríkið telur sér skylt, eða aðrir því skylt, að reisa eða styðja og það annast nú um, sem meira eru fyrir alþjóð en kirkjurnar? Skólar æðri eða lægri, spítalar, embættisbústaðir, jafnvel leikhús, — þetta er allt í fullu gildi, en á það að vera í hærra gengi en kirkjuhús hinnar íslensku þjóðkirkju?

Kirkjuhús á Íslandi munu nú teljast vera um 280 (voru um áramótin 1940—1941: 278). Eru timburkirkjurnar langflestar, og af öllum kirkjum í landinu ekki nema  $\frac{1}{5}$  steinkirkjur. Það má ljóst vera, að ef kirkjur landsins hverfa í eigu og ábyrgð ríkisins, fylgir þeim og þangað eigi alllítill eign, sem sé kirkjuhúsin sjálf (þótt misjöfn séu) og að auki álitlegar fjárfúlgur, sem þeim tilheyra. Skal þó eigi að þessu sinni greint frá því, hvernig hugsað er, að þessu máli yrði fyrir komið með umræddri gerbreytingu á byggingu kirkna. Í þessu máli er heldur eigi farið inn á hina listrænu gerð kirkjuhúsa, byggingarsnið og annað þess kyns, með því að það er önnur hlið málsins, vissulega hin mikilsverðasta, en snertir þó eigi það atriði, er hér ræðir um.

En nú má með miklum rétti segja, að enn sé þetta svo mikið nýmæli, að eigi sé þess að vænta, að þegar í stað verði því komið á, þótt til þess ætti að draga, en halda þurfi áfram með krafti að byggja og endurbbyggja kirkjuhús hér og þar um landið, *sem óhjákvæmilega verði að njóta aðstoðar ríkisvaldsins*.

Á meðan svo er, mætti fara nokkurn milliveg, og tel ég *alveg sjálfsagt, að ríkissjóður styrki söfnuðina til þessa með riflegu fjárframlagi*, en um það þarf að setja glögg ákvæði, er reynslan mundi sýna, hvort fullnægjandi yrðu. — Þetta er að mínum dómi ekki annað eða meira en sæmandi hluti af skyldunni, sem stjórnlög ríkisins áskapa í þessu efni, og einnig af þeirri skyldu, sem hverju þjóðfélagi er hollt og nauðsynlegt að rækja í þarfir æðstu velferðarmála alls mannkyns.

Með þetta allt fyrir augum hefur frv. það verið samið, er hér er nú borið fram. Er það eindregið stutt af *Kirkjuráði hinnar íslensku þjóðkirkju*, er telur laga-  
setningu um þetta aðkallandi nauðsyn. Og ályktun sú, er getið var, að *Hinn al-*

*menni kirkjufundur* gerði um þetta á f. á. (en þeir fundir eru skipaðir fulltrúum safnaða um land allt), er á þessa leið:

„Hinn almenni kirkjufundur 1943 telur eðlilegt, þar sem kirkjan er ákvörðuð þjóðkirkja eða ríkiskirkja samkvæmt 57. gr. stjórnarskrárinnar, að ríkinu beri skylda til að styðja söfnuði landsins til nauðsynlegra kirkjubygginga með ríflegum styrkjum úr ríkissjóði.“

Að öðru leyti skulu þessar skýringar gefnar um einstakar greinar frv.:

#### Um 1. gr.

Samkvæmt því, sem fram hefur verið tekið hér á undan, kveður þessi grein á um þátttöku ríkissjóðs í byggingu kirkjuhúsa eða hvernig stofnkostnaður þeirra skiptist milli ríkisvaldsins og hinna einstöku safnaða, er að kirkjunum standa. Er lagt til, að ríkissjóður-standi undir þeim kostnaði að  $\frac{3}{4}$  hlutum, en söfnuður að  $\frac{1}{4}$  hluta auk annars, er í hans hluta fellur að annast um samkv. frv.

Eins og kunnugt er, verður þjóðfélagsheildin eða ríkið að standa straum af ýmsum framkvæmdum til verklegra og menningarlegra þarfa, sem einstaklingar eða smærri samtök fá eigi orkað, en hafa hins vegar svo veigamikla almenna þýðingu, að nauðsynlegt og sjálfsagt er talið að koma þeim á fót eða halda þeim uppi. Er það, eins og gefur að skilja, nær ótölulegur grúi málefna, er hér getur komið til greina, og hefur sumt af því viðgengizt um langa hrið, en annað er nýlegra, og fer viðurkenning á þessu vaxandi. Hér skal til samanburðar því efni máls, er ræðir í þessu frv., aðeins stuttlega minnst á hinar „menningarlegu“ framkvæmdir eða sem meir heyra til andlegu hliðinni. Hin „verklegu“ mál verða látin liggja milli hluta. — Öll menntunarmál hvíla nú að meira eða minna leyti á ríkinu, eru annaðhvort algert á þess vegum eða lifa á þess fjárhagsstuðningi: *Háskólinn*, í öllum greinum, er algert „á ríkinu“ eða styðst við fjáröflun á þess vegum, svo og öll vísinda- og rannsóknarstarfsemi, sem telst eiga að koma í almannaparfir. *Menntaskólarnir* að öllu leyti. *Bændaskólarnir* sömuleiðis (sbr. l. nr. 26/1938). *Húsmæðrakennaraskóli* (sbr. l. 65/1941 og 60/1938). *Gagnfræðaskólar* kaupstaðanna eru styrktir með  $\frac{2}{3}$  stofnkostnaðar (sbr. l. nr. 48/1930). Hinn hlutinn greiðist af bæjarfélögunum, en þar og hjá sveitarfélögunum yfirleitt eru tekjuöflunarheimildir öruggastar næst ríkinu. Þess vegna m. a. er þeim ætlað að halda uppi *barnaskólum* um öll héruð með ríkinu (sbr. l. nr. 94/1936). Loks skulu nefndir *héraðsskólarnir*, sem nú eru lögfestir og fer fjölgandi, en stofnkostnað þeirra greiðir ríkið að  $\frac{3}{4}$  hlutum (sbr. l. nr. 33/1940), og *húsmæðraskólar* bæði í sveitum (sbr. l. nr. 60/1938 og 67/1941) og í kaupstöðum (sbr. l. nr. 65/1941) fá sama hlutfall kostnaðar úr ríkissjóði, sem sé  $\frac{3}{4}$  hluta stofnkostnaðarins, o. s. frv. — en *einmitt þetta tillag* þykir sanngjarnast og eftir atvikum eðlilegast að ætla ríkinu að bera af stofnkostnaði kirkjuhúsanna í landinu, á móts við söfnuðina, sem að jafnaði eru næsta litils umkomnir að efnunum eða öflun tekna.

Ýmiss konar fleiri styrki og tillög til skóla og menntamála í landinu mætti tilgreina til samanburðar, en eigi þykir nauðsyn til þess bera; né heldur styrki til *sjúkráhusa* og *líknarmála*, sem ávallt fer í vöxt. Jafnvel er nú ætlað til, að leikstarfsemi (Þjóðleikhúsið) hvíli á ríkinu; en hver ætti þá að reisa t. d. höfuðkirkju landsins?

Það þykir rétt, eins og 2. málsgrein 1. gr. tekur til, að „eignir“ kirknanna, sem sumpart eru húsin sjálf og sumpart reiðufé eða annað verðmæti, skiptist eftir hinum nýju reglum milli þeirra, er standa eiga að bygging eða endurbygging kirkjuhúsanna, en kemur þó eigi til fyrr en hafizt er handa um þessar framkvæmdir samkvæmt lögnum, sem hér er gert ráð fyrir að setja.

Um 2. gr.

Það má teljast viðeigandi og að ýmsu hagkvæmast, að það sé söfnuðurinn sjálfur, en eigi ríkið, sem útvegar og leggur til af sinni hálfu gott land (lóð) undir kirkjubygginguna, enda verður að gera ráð fyrir, að það sé öllum hlutaðeigendum „heima fyrir“ áhugamál, að hinn ákjósanlegasti staður verði til þessa valinn og sem þryðilegast að honum búið í bráð og lengd. Annað í gr. eru eðlilegar öryggis- og framkvæmdarreglur.

Um 3. gr.

Þó að hinum fátæku söfnuðum landsins reynist erfitt eða öllu heldur ókleift, eins og nú er komið málum, að reisa kirkjur með fullum og nauðsynlegum kostnaði, er þó engan veginn líklegt, að þetta yrði þungur baggi á ríkissjóði, ef skynsamlega er í sakirnar farið. Er það hvort tveggja, að fé er nokkurt fyrir hendi í eigu kirknanna sjálfra, og eins dreifast hinar aðkallandi framkvæmdir í þessu efni á mörg ár, svo að tiltölulega léttilega mun mega inna þær af höndum (og vafalaust auðveldlegar en ýmislegt annað, sem leggja verður fé til). Þegar svo búið er að byggja upp það, sem fyrir liggur af kirkjuhúsum, eftir þeim reglum, sem um það eru settar, mun hægjast um langa lengi. — Sá háttur, sem stungið er upp á í gr., að á þessu verði hafður, virðist einna aðgengilegastur, þótt öðruvísi mætti þessu einnig fyrir koma.

Um 4. gr.

Þessi gr. virðist eigi þarfnast sérstakra skýringa.

Um 5. gr.

Hér eru sett nokkur ákvæði um hið almenna viðhald og umsjá kirkjuhúsanna, sem safnaðarstjórn ber að annast, enda er kirkjutekjum (sóknargjöldum = kirkjugjöldum) ætlað að standa undir kostnaði við það, eins og verið hefur, en hann kemur niður á safnaðarmönnum, eins og kunnugt er. En vegna breyttra aðstæðna (sbr. ákvæði frv.) þykir tilhlýðilegt, að samráð sé um þetta milli safnaðarstjórnar og kirkjumálaráðuneytis.

Um 6. gr.

Hér þykir rétt, að söfnuðurinn einn (þ. e. safnaðarmenn), án neinnar aðstoðar frá ríkisvaldinu eða tillags af kirkjufjám, annist allt, er *sérstaklega* mætti þryða guðshúsið að innan eða utan og eigi gæti talizt heyra beint til sómasanlegri gerð kirkjunnar almennt. Í þessu á einnig að koma fram áhugi (einnig trúaráhugi) safnaðarmanna hverju sinni og kenndir þeirra fyrir því, sem bezt mætti fara í því efni, er þeir væntanlega telja hið æðsta, sem sé, hversu þeir vilja búa að guðsdýrkun sinni og hvað þeir vilja — eftir efnum og ástæðum — leggja í sölurnar fyrir hana. Hefur og alla daga nokkuð mátt af því marka hið sanna manngildi með þjóðunum. Verða slík „útlát“ einnig miklum mun auðveldari fjármunalega í söfnuðunum, þegar á er komin sú tilhöggun um byggingarkostnað kirknanna, sem frv. þetta fer fram á.

Um 7. gr.

Eins og ljóst er, eiga ákvæði þessa frv. einungis við kirkjuhús *þjóðkirkjunnar*, enda skylda ríkisvaldsins þar tryggð með ákvæði sjálfrar stjórnarskrárinnar. En eftir sem áður stofna menn *frikirkjusöfnuði* eftir því, sem hugur þeirra stendur til og lög heimila, og afsala sér með því ríkiskirkjustuðningnum. Þegar svo ber til í söfnuði, þykir rétt og sanngjarnt, ef um *meiri hluta safnaðar* er að ræða, að gefa honum kost á að eignast kirkjuhúsið með þeim kjörum, er 7. gr. til tekur. En um þetta mætti þó setja aðra reglu, ef betur þætti henta.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.